

Félagsmálaráðuneytið  
b.t. skrifstofu húsnæðis- og lífeyrismála

**Sent á Samráðsgátt**


Reykjavík 13. ágúst 2019

**Efni: Frumvarp til laga um Húsnæðis- og mannvirkjastofnun**

Samtök rafverktaka (SART) hefur tekið til umsagnar frumvarp til laga um Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. SART leggur áherslu á að umrædd sameining komi ekki niður á eftirliti með rafmagnsöryggismálum og bendir á mikilvægi rafmagnsöryggissviðs Mannvirkjastofnunar (MVS). Samtökin leggja áherslu á að sérstaklega verði gætt að því að sviðið geti áfram sinnt sínu mikilvæga hlutverki, þrátt fyrir sameiningu Mannvirkjastofnunar og Íbúðalánasjóðs í Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

Náðst hefur góður árangur í rafmagnsöryggismálum hér á landi og er það ekki síst vegna sterkar stöðu rafmagnsöryggissviðs MVS og góðrar samvinnu þeirra við rafverktaka. Samtök rafverktaka telja ákaflega mikilvægt að ekki verði gefið eftir í rafmagnsöryggismálum við fyrirhugaða sameiningu ÍLS og MVS heldur þvert á móti sé tryggð aukin skilvirkni og samræmi í eftirliti.

Virðingarfyllt,

  
Kristján D. Sigurbergsson  
Framkvæmdastjóri SART